

Kennsluáætlun 2026-2027

4. bekkur

Námsgrein: Íslenska

Kennari: Lára og Vigdís



Markmið:

Að nemendur

- Geti horft og hlustað af athygli á fjölbreytt efni.
- Beiti aðferðum við umskráningu hljóða og stafa svo lestur flæði vel.
- Geti valið og lesið sér til ánægju fjölbreytt lesefni sem hæfir aldri.
- Dragi rétt til allra íslensku stafanna, bæði há- og lágstafa og skrifi skýrt og læsilega.
- Þekki sérhljóð og samhljóð.
- Geti farið í orðaleiki og unnið með lykilorð og fundið orð í orði og orð úr orði.
- Þekki stafsetningaregluna um tvöfaldan samhljóða, n og nn, y, ng og nk.
- Þekki lýsingarorð og geti fundið þau í texta og geti stígbreytt lýsingarorð.
- Geti notað greinarmerkin . , ? ! :
- Greini frá upplifun sinni eftir áhorf/hlustun.
- Geti lesið einfalda texta frá fyrri tímum og sett sig í spor persóna og lesenda í fortíðinni.
- Geti unnið með ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.
- Þekki hugtökin bókstafur, orð og málsgrein.
- Þekki nafnorð og geti fundið þau í texta, geti fundið eintölu og fleirtölu þeirra og fallbeygt einföld nafnorð.
- Beiti skýrum og áheyrilegum framburði.
- Beiti góðum orðaforða við að skilja texta og noti einfaldar aðferðir til að ráða merkingu ókunnra orða.
- Þekki bókmenntahugtökin höfundur, upphaf, miðja, endir og söguþráður.
- Geti búið til setningar og málsgreinar og notað til þess algengar samtengingar.
- Kunni stafrófið og geti raðað orðum í stafrófsröð, geti nýtt sér stafrófið við leit og skipulagningu verkefna.
- Geti fallbeygt lýsingarorð með nafnorði.
- Þekki bókmenntahugtökin boðskapur, aðalpersónur og aukapersónur, sögusvið (umhverfi) og flækja.
- Geti samið sögu og valið efni eftir eigin áhugasviði.
- Þekki stafsetningaregluna um stóran staf og punkt.
- beiti töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og með orðaforða og málskilningi sem hæfir aldri.
- geti bætt greini aftan við nafnorð.
- þekki sagnorð og geti fundið þau í texta, viti hvað nafnháttur sagnorða er og geti sett sagnorð í nafnhætti í nútíð og þátíð.
- þekki og beiti einföldum aðferðum við lestur og tilgreint dæmi um ólíkan tilgang lestrar.
- viti af þrískiptingu orðanna (fallorð, sagnorð og óbeygjanleg orð).
- nýti sér og endurseggi efni á stafrænu formi.
- átti sig á grunneinkennum ljóða (s.s. víxlrím, endarím, ljóðstafir) og vinni með inntak þeirra.
- þekki orðflokkinn fallorð (nafnorð, lýsingarorð, greinir, töluorð og fornöfn).
- skilji augljós efnisatriði valinna texta, greini og leggi mat á inntak þeirra og draga einfaldar ályktanir.

Kennsluaðferðir/vinnulag:

Kennslustund hefst á upprifjun fyrri tíma og við tekur svo innlögn á efni tímans. Nemendur vinna í stuttum vinnulotum, í kringum 20 mínútur í senn ásamt uppbroti í miðju tímans. Uppbrotið reynir á t.d. félagsfærni, samhæfingu, tjáningu, viðfangsefni tímans ásamt fleiru.

Nemendur hafa sinn námsfélaga og munu þeir af og til kljást saman við ýmsar spurningar sem hvetja til samræðna tengt efninu. Nemendur vinna ýmist einstaklingslega eða í pörum/hópum með skólafélögum. Nemendur vinna einstaklingslega í vinnubókum en geta leitað eftir aðstoð sessunautar ef svo ber undir. Í verkefnum frá kennurum vinna nemendur oft í hópum og styðja hvert annað í náminu. Verkefnum utan vinnubóka er safna í stílabók og metin af bæði nemendum og kennurum.

Nemendur þjálfu upplestur með því að lesa fyrir kennara/stuðningsfulltrúa/samnemanda í kennslustund að jafnaði 4 sinnum á viku eða eins oft og kostur gefst. Meðan á lestri standur fá nemendur leiðsögn frá kennara/stuðningsfulltrúa.

Námsmat:

- Leiðsagnarnám/-mat verður leiðarljós við allt námsmat.
- Nemendur meta sín verkefni ásamt kennurum og fá endurgjöf á vinnu sína.
- Símat á sér stað í öllum kennslustundum þar sem nemendur fá endurgjöf í gegnum spurningar og samtal við kennara.
- Nemendur þreyta stutt stöðumat á 5-6 vikna fresti til að rifja upp það sem búið er að gera og festa ýmis hugtök og aðgerðir betur í minni nemandans.
- Við lok hverrar námsbókar tekur nemandi yfirlitspróf sem gefur til kynna hvert skal stefna.

Námsgögn:

- Ritrún 2 og 3
- Lestrarbækur MMS auk lestrarbóka af bókasöfnum sveitarfélagsins.
- Skriftarbækur.
- Verkefni frá kennurum og af vef.
- Námsleikir í anda Byrjendalæsis og Leikur að læra.
- Námsleikir og málfræðiæfingar á vef.